

Mannréttindastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Mannréttindastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar byggir á jafnræðisreglunni og miðar að því að öll fái notið mannréttinda án tillits til kyns, uppruna, litarháttar, kynvitundar, kynhneigðar, kyntjáningar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars, trúarbragða, lífs- og stjórnámálaskoðana, trúleysis, líkamlegs atgervis eða annarrar stöðu.

Í mannréttindastefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar eru stjórnarskrá Íslands og alþjóðlegir sáttmálar lagðir til grundvallar. Þar má nefna Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt byggir hún á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna númer 150/2020.

Mannréttindi snerta alla fleti samfélagsins og stefnt skal að því að allir sem koma að starfsemi sveitarfélagsins hvort sem það er þjónusta við einstaklinga, kjörnir fulltrúar eða starfsfólk hafi mannréttindi að leiðarljósi.

Fjölbreytni, jöfn meðferð og vernd gegn mismunun í víðum skilningi er leiðarstef Sveitarfélagsins Hornafjarðar og markmið stefnunnar er að uppfylla allar kröfur laga og reglna um mannréttindi.

Efnisyfirlit

1. Jafnrétti kynja.....	2
2. Aldur.....	3
3. Fötlun	5
4. Kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni.....	6
5. Heilsufar og líkamlegt atgervi.....	7
6. Búseta	7
7. Trúarbrögð, lífs-, stjórnmalaskoðanir og trúleysi	8
8. Uppruni og þjóðerni	9
9. Umhverfi	10
10. Öryggi	10
11. Ábyrgð og verklag.....	11
12. Hugtakalisti	12

1. Jafnrétti kynja

Óheimilt er að mismuna fólki vegna kyns. Hvatt er til jafnrar þátttöku og áhrifa kvenna, karla sem og fólks af öðrum kynjum og fólks sem ekki skilgreinir kyn sitt. Unnið skal gegn allri mismunun og hamlandi áhrifum staðlaðra ímynda kynjanna. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum án tillits til kyns.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Við skipan í nefndir og ráð skal gæta þess að hlutfall kynjanna séu sem jöfnust og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða samb. 27. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Sama gildir þegar stofnaðir eru starfs- eða vinnuhópar til að undirbúa stefnumótun eða taka meiriháttar ákvarðanir.

Samkvæmt 7. tölulið 2. gr. laga nr. 150/2020 skal allt stefnumótunarferli skipulagt, bætt, þróað og metið með þeim hætti að sjónarhorn kynjajafnréttis sé alltaf samofið öllum ákvarðanatökum.

Sveitarfélagið Hornafjörður stefnir því að innleiðingu verkferla Kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar svo að jafnréttissjónarmið séu formfest í öllum verkferlum.

Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur markvisst gegn kynbundnu ofbeldi, hvort sem það er líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt. Öll starfsemi sveitarfélagsins skal vinna að þessu markmiði og því skal sérstaklega fylgt eftir í jafnréttisáætlun sveitarfélagsins.

Taka skal tillit til allra kynja við vinnu við skipulag og myndun umhverfis, til dæmis þegar útilistaverk eru sett upp, ný götuheiti og aðrar sambærilegar ákvarðanir eru teknar.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Tryggja þarf að unnið sé að skipulögðu jafnréttisstarfi, að allir óháð kyni njóti jafnréttis á öllum vinnustöðum sveitarfélagsins.

Við ráðningar í stöður hjá sveitarfélaginu skal hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og meta þau í samræmi við önnur sjónarmið. Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í tilgreindri starfsgrein skal að öllu jöfnu ganga fyrir við ráðningu þegar hann er jafn hæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur. Við ráðningar er óheimilt að mismuna kynjum á grundvelli hjúskapar eða fjölskyldustöðu, þungunar, ættleiðingar, hugsanlegra barneigna eða annarra þátta sem ætla má að kynbundnir einkahagir hafi áhrif á.

Í öllu efni og auglýsingum á vegum stofnanna og fyrirtækja sveitarfélagsins skal gæta jafnræðis allra hópa og jafnrar virðingar kynja. Í atvinnuauglýsingum skal taka fram að störf standi öllum kynjum til boða. Ef um er að ræða starf eða starfsgrein þar sem gild rök eru fyrir því að ráða eitt kyn umfram annað skal það koma fram í auglýsingu.

Fólk af öllum kynjum skal njóta sambærilegra kjara og réttinda. Greiða skal öllum kynjum jöfn laun fyrir sömu störf. Einstaklingsbundin laun, svo sem hæfis- og árangurslaun, og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum, óháð kyni. Sveitarfélagið telur að aðstæður sem bjóði upp á launaleynd séu ein af uppsprettum kynbundins launamunar og því beri að útrýma þeim.

Vinnuaðstæður skulu taka mið af þörfum allra kynja. Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum, skipulagsbreytingar og uppsagnir skal jafnrétti kynja haft að leiðarljósi. Starfsþróun og símenntun skal nýta til aukins jafnréttis og jafnrar virðingar kynja á vinnustað.

Sveitarfélagið Hornafjörður vill nýta kosti sveigjanleika á vinnustað til að auðvelda starfsfólki að samræma einkalíf og starf og stjórnendum að mæta breytilegum þörfum starfseminnar. Starfsfólk skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu í vinnutíma eða vinnuskipulagi þar sem því verður við komið. Rík áhersla er lögð á að vinna gegn stöðluðum ímyndum um hlutverkaskiptingu kvenna og karla er snýr að fjölskylduábyrgð.

Kynferðisleg áreitni og kynferðislegt ofbeldi er aldrei liðið á vinnustöðum sveitarfélagsins. Stjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og þjónustubegar verði fyrir kynferðislegri áreitni, samanber 14. grein jafnréttislaga. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber honum í samráði við forstöðumann eða eftir atvikum aðra yfirmenn stjórnarsýslunnar tafarlaust að binda endi á hana. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynferðislegrar áreitni, samanber 14. grein jafnréttislaga, á hann ekki að taka neinar ákvarðanir sem snerta kæranda. Kærandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni getur varðað brottrekstri geranda úr starfi. Verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri áreitni skulu vera aðgengilegar starfsfólki.

Hornafjörður sem miðstöð þjónustu

Flétta skal jafnréttissjónarmiðum, með aðferðum kynjasambættingar, saman við alla þjónustu sveitarfélagsins og á hún að endurspeglar jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu í garð allra kynja.

Þegar unnar eru nýjar reglur og stefnur fyrir sveitarfélagið skal taka mið af sambættu kynja- og jafnréttissjónarmiði.

Konur og karlar, sem og fólk af öðrum kynjum og fólk sem ekki skilgreinir kyn sitt, á jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins. Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu er tekið mið af þörfum óháð kyni og áhrif hennar á konur og karla skoðuð sérstaklega. Kyngreina ber tölfræðiupplýsingar samanber 16. grein jafnréttislaga.

Allt uppeldis- og tómskundastarf, menntun, fræðsla og menningarstarf sem fram fer á ábyrgð sveitarfélagsins og stofnana hennar hefur jafna stöðu kynja að leiðarljósi. Hvetja skal börn og unglunga til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna staðalmynda. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynja í öllu starfi með börnum og ungmennum. Fræðsluyfirvöld svo og stjórnendur félags- og tómskundastarfs, skulu styrkja jákvæða kynímynd og vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í umhverfi barna og ungs fólks.

2. Aldur

Óheimilt er að mismuna fólki vegna aldurs og framlag hvers og eins er metið að verðleikum án tillits til aldurs. Ávallt skal hafa í forgangi það sem börnum og unglungum er fyrir bestu þegar gerðar eru ráðstafanir á vegum félagsmálafyrivalda eða félagsmála innan sveitarfélagsins. Börn og unglingar eiga að njóta umönnunar og verndar og á sveitarfélagið að sjá til þess að því sé framfylgt. Sveitarfélagið Hornafjörður tekur mið af ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi með börnum. Þetta felur meðal annars í sér að tryggja skal rétt barna

til að mynda sér sínar skoðanir og láta þær í ljós í málum sem þau varða. Sveitarfélagið vakir yfir stöðu þeirra sem standa höllum fæti á efri árum. Haft er samráð við eldra fólk, börn og unglunga þegar ákvarðanir eru teknar sem varða hagsmuni þeirra. Varast ber að líta svo á að öll séu eins þó að þeir tilheyri ákveðnum aldurshópi og gæta þarf þess sérstaklega að greina stöðu kynja á ólíkum aldurs skeiðum.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Taka þarf tillit til sjónarmiða og þarfa borgaranna, óháð aldri. Við undirbúning ákvarðana sem geta haft áhrif á fólk vegna aldurs er tekið mið af þörfum og viðhorfum fólks á ólíku aldurs skeiði. Í því sambandi er sérstaklega litið til barna, unglunga og eldra fólks. Þegar verið er að undirbúa ákvarðanatöku sem hefur áhrif á ákveðna aldurshópa er haft samráð við fulltrúa þeirra, þegar því verður við komið.

Þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða börn og unglunga skal ávallt hafa hagsmuni þeirra í fyrirrúmi.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Við ráðningar er ekki mismunað eftir aldri. Starfsfólki sveitarfélagsins stendur til boða símenntun og starfsþróun, óháð aldri, samanber starfsmannastefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Sveitarfélagið Hornafjörður gætir þess að skapa jákvætt og gott andrúmsloft á vinnustað sem er laust við fordóma, staðalmyndir og aldursklisjur.

Þegar því verður við komið geta starfsmenn samið um starf við hæfi, minnkað starfshlutfall og/eða sveigjanleg starfslok þegar aldurinn færir yfir.

Sveitarfélagið Hornafjörður leggur áherslu á að hæft fólk sé ráðið í umönnunarstörf á vegum þess. Í öllu barna- og unglingastarfi sveitarfélagsins veitir hæft starfsfólk umönnun og vernd og sér til þess að öryggi barna og ungmenna sé eins og best verður á kosið. Þess er gætt að fjöldi starfsmanna sé nægur til að tryggja þetta.

Sveitarfélagið Hornafjörður leggur áherslu á að virkja öll börn og ungmenni til þátttöku í samræmi við aldur og þroska og sporna gegn brotthvarfi nemenda úr námi og skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi í samræmi við forvarnarstefnu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem miðstöð þjónustu

Í þjónustu er tekið tillit til þess að þarfir fólks fyrir þjónustu eru ólíkar eftir aldri og æviskeiðum. Allir íbúar eiga jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins, óháð aldri, svo fremi sem þjónustan sé ekki miðuð við ákveðna hópa, svo sem barna- og unglingastarf eða félagsstarf eldra fólks. Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal taka mið af þörfum allra aldurshópa og greina hvort áhrif þjónustu á kyn geti verið mismunandi.

Öll þjónusta við eldra fólk, börn og unglunga sem er á ábyrgð sveitarfélagsins hefur jafna stöðu kynja að leiðarljósi. Aldur er ekki feimnismál og í kennslu-, upplýsinga- og kynningarefni er leitast við að lýsa fjölbreytileika mannlífsins. Stuðla ber að jákvæðum og uppbyggilegum viðhorfum til allra aldurshópa sem njóta þjónustu sveitarfélagsins, þar á meðal barna og eldra fólks.

3. Fötlun

Óheimilt er að mismuna fólki vegna fötlunar. Fötlðu fólki skulu því tryggðar aðstæður til að taka virkan þátt í bæjarsamfélaginu. Framlag hvers og eins er metið að verðleikum. Virða ber rétt hvers og eins til að tjá sig, eða tjá sig ekki, um fötlun sína. Varast ber að líta svo á að allir séu eins þó að þeir tilheyri ákveðnum hópi og gæta þarf þess sérstaklega að greina stöðu fatlaðs fólks eftir kyni. Sveitarfélagið Hornafjörður er þess vitandi að hugtakið fötlun er breytingum undirorpið og að rekja má fötlun til víxlverkunar milli einstaklinga með skerðingar og viðhorfa sem ríkja í samfélaginu til þeirra, og koma í veg fyrir virka samfélagsþátttöku þeirra. Sveitarfélagið Hornafjörður lítur svo á að framlag fatlaðs fólks til velsældar og fjölbreytni samfélagsins sé verðmætt. Virk þátttaka fatlaðs fólks í samfélaginu eru grundvallarmannréttindi og kemur öllum til góða. Fatlað fólk er í mikilli hættu á að verða fyrir ofbeldi og vanrækslu og engum er jafn hætt við ofbeldi og fötluðum konum og börnum. Einsetur sveitarfélagið sér að vinna sérstaklega gegn þeirri vá sem að þeim steðjar.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Öll eiga rétt á virkri þátttöku í samfélaginu og sanngjarnri og réttlátri meðferð, óháð fötlun, og er þess sérstaklega gætt að á ekkert kyn halli. Þarfir og sjónarmið fatlaðra íbúa eru virt og haft við þá samráð í stefnumörkun og ákvarðanatöku um málefni þeirra.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Veita skal fötluðu fólki tíma til aðlögunar í nýju starfi. Sveitarfélagið Hornafjörður mun einnig leggja sig fram um að sýna starfsfólki sínu sem eru aðstandendur fatlaðs fólks sveigjanleika eða tíma til aðlögunar þegar þess er þörf og þegar því verður við komið.

Sveitarfélagið Hornafjörður stuðlar að því að færni og geta fatlaðs fólks sé viðurkennd í ríkari mæli, sem og framlag þess til vinnustaða sinna og vinnumarkaðarins í heild. Fatlaðir umsækjendur um störf hjá sveitarfélaginu skulu njóta forgangs séu þeir jafn hæfir eða hæfari en aðrir umsækjendur, samanber 32. grein laga um málefni fatlaðs fólks númer 59/1992. Fatlað fólk skal njóta sömu kjara og aðrir, samanber 1. grein í lögum um málefni fatlaðs fólks númer 59/1992. Sveitarfélagið Hornafjörður einsetur sér að ráða til starfa hjá bænum það hlutfall starfsfólks með skerta starfsgetu sem endurspeglar hlutfall þeirra í samfélaginu. Jafnframt einsetur sveitarfélagið sér að hlutastörf séu í boði.

Við ráðningu fatlaðs starfsmanns ber að sjá til þess að hann njóti viðeigandi aðlögunar að nýju starfi sem og símenntunar og starfsþróunar að sama marki og aðrir starfsmenn. Starfsfólk leggur sig fram um að skapa fordómalaust umhverfi á vinnustað.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem miðstöð þjónustu

Fatlað fólk skal eiga greiðan og jafnan aðgang að þjónustu. Gott aðgengi að upplýsingum og þjónustu er mikilvægur grundvöllur fyrir sjálfstæðu lífi fatlaðs fólks. Tryggja þarf fötluðu fólki gott aðgengi að upplýsingum. Mikilvægt er að viðurkenna að það hefur fjölbreyttar þarfir fyrir tjáskiptaleiðir og eru upplýsingar á vef sveitarfélagsins settar fram með tilliti til þess. Fötluðu fólki er tryggður möguleiki á virkri þátttöku þegar teknar eru ákvarðanir um þjónustu fyrir það.

Þess er gætt, þegar þjónusta er skipulögð, að hún taki mið af þörfum ólíkra hópa fatlaðs fólks af öllum kynjum. Opinberar byggingar eiga að vera aðgengilegar fyrir alla, óháð fötlun.

Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun, fræðsla og menningarstarf á vegum sveitarfélagsins tekur mið af þörfum fatlaðs fólks af öllum kynjum og veitir því sérstakan stuðning til þess að það fái notið þessa til jafns á við aðra. Fötluð er ekki feimnismál og kennsluefni á alltaf að lýsa fjölbreytileika mannlífsins. Fjölbreytni og margbreytilegi samfélagsins hljóti kynningu í starfi með börnum og ungmennum á öllum skólastigum. Unnið skal að því að útrýma fordómum gagnvart fötluðu fólki.

4. Kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni

Óheimilt er að mismuna fólki vegna kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum án tillits til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna. Ekki skal ganga út frá því að allt fólk sé gagnkynhneigt og sís-kynja. Greina þarf sérstaklega stöðu hinsegin fólks í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Öll eiga rétt á virkri þátttöku í samfélaginu og sanngjarnri og réttlátri meðferð, óháð kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu eða kyneinkennum og skal þess sérstaklega gætt að hvergi halli á kynin.

Við undirbúning ákvarðana er varða hinsegin fólk skal hafa virkt samráð við hagsmunasamtök þeirra.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Þess skal gætt við ráðningar, uppsagnir og ákvarðanir um kjör starfsmanna sveitarfélagsins að ómálefnalegum ástæðum sé ekki beitt sem rökum gegn starfsfólki.

Virða ber rétt fólks til að tjá sig, eða tjá sig ekki, um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu eða kyneinkenni sín.

Starfsfólk skapar andrúmsloft sem er laust við fordóma gagnvart hinsegin samstarfsfólki og á það við í starfi og leik á vinnustaðnum.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem miðstöð þjónustu

Starfsfólk skal ekki ganga út frá því vísu að öll sem njóta þjónustu sveitarfélagsins séu gagnkynhneigð, sís-kynja eða eigi gagnkynhneigða eða sís-kynja foreldra. Starfsfólk gengur heldur ekki út frá því að öll eigi tvo foreldra þar sem sum börn eiga eitt foreldri og önnur fleiri en tvo foreldra. Samskipti starfsmanna og þeirra sem njóta þjónustu séu byggð á gagnkvæmri virðingu.

Allt uppeldis- og frístundastarf, menntun og menningarstarf taki mið af því að þátttakendur geti verið hinsegin. Margs konar fjölskyldugerðir á að ræða á opinskáan og fordómalausan hátt. Kennarar og starfsfólk í skólum, frístundamiðstöðvum og öðru starfi með börnum og ungmennum geri fjölbreytileika mannlífsins sýnilegan í starfi sínu, til að mynda með vali á fræðslu- og afþreyingarefni sem notað er á öllum skólastigum. Skólastjórnendur og ábyrgðarfólk skóla- og frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins sér til þess að nemendur hljóti hinsegin fræðslu enda er það stefna sveitarfélagsins að hinsegin fólk njóti virðingar.

5. Heilsufar og líkamlegt atgervi.

Óheimilt er að mismuna íbúum og starfsfólki sveitarfélagsins vegna skerts heilsufars, holdafari og líkamlegs atgervis. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Öll eiga rétt á virkri þátttöku í samfélaginu og sanngjarnri og réttlæti meðferð, óháð, heilsufari, útliti, holdafari eða líkamlegu atgervi og skal þess sérstaklega gætt að á ekkert kyn halli. Virða ber réttindi fólks til að tjá sig, eða tjá sig ekki, um heilsufar eða líkamlegt atgervi.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Heilsufar, heilsufarssaga eða holdafar má ekki, án málefnalegra ástæðna, hafa áhrif á ráðningu, kjör eða uppsögn starfsmanns. Ef vísað er til málefnalegra ástæðna verður að vera óvæfengjanlegt að þær tengist eðli starfsins.

Ef gera þarf breytingar á vinnuskyldu starfsfólks skal það og sveitarfélagið hafa fullt samráð sín á milli þar um.

Veikindi ein og sér eru ekki nægileg ástæða til að segja fólki upp starfi nema þau hafi langvarandi og veruleg áhrif í þá veru að þau hindri að viðkomandi geti sinnt starfi sínu. Því mun Sveitarfélagið Hornafjörður leggja sig fram um að starfsfólk sem hefur átt við veikindi að stríða eigi möguleika á að koma aftur á vinnustaðinn, gert sé ráð fyrir aðlögun þegar á þarf að halda og vinnufyrirkomulag sé ákveðið í samráði við starfsmann.

Starfsfólk á eiga rétt á að njóta símenntunar og starfsþróun, óháð heilsufari eða líkamlegu atgervi.

Það er réttur hvers starfsmanns að verða ekki fyrir fordómum eða mismunun í starfi og skal starfsfólk leitast við að skapa fordómalaust starfsumhverfi í hvívetna og vinna markvisst að því að uppræta fordóma, þar á meðal vegna heilsufars eða líkamlegs atgervis.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem miðstöð þjónustu

Sveitarfélagið Hornafjörður ber að tryggja aðgengi að þjónustu, óháð heilsufari fólks, holdafari eða líkamlegu atgervi þess.

Viðhorf til allra sem nota þjónustu sveitarfélagsins er jákvætt og byggist á virðingu fyrir einstaklingunum og fjölbreytileika mannlífsins.

6. Búseta

Sveitarfélagið Hornafjörður viðurkennir rétt sérhverrar manneskju til að velja sér búsetu. Allir íbúar Sveitarfélagsins Hornafjarðar eiga að geta notið þeirra lífsgæða og þjónustu óháð búsetu innan sveitarfélagsins. Þeir eiga jafnframt að geta fengið upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins og komið að ákvörðunum sem varða þá. Ávallt skal huga að ólíkri stöðu kynja og áhrifum margþættrar mismununar. Vegna uppruna, fötlunar, aldurs eða annarrar stöðu getur fólk haft ólíkar þarfir varðandi búsetu innan sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Sveitarfélagið Hornafjörður verndar rétt íbúa til valfrjálsrar búsetu. Þegar ákvarðanir um íbúa í dreifbýli skal kynna það sérstaklega fyrir þeim íbúum og gætt skal að því hafa samráð við þá í ákvarðanatökum.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Sveitarfélagið Hornafjörður mismunar ekki fólki eftir búsetu innan sveitarfélagsins.

Ávallt skal huga að ólíkri stöðu kynja og áhrifum margþættrar mismununar.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem miðstöð þjónustu

Sveitarfélagið Hornafjörður sér til þess að allir íbúar hafi aðgengi að sambærilegri þjónustu sveitarfélagsins óháð búsetu innan þess. Í þróun á stafrænni þjónustu skal leitast við að íbúar í dreifbýli geti átt samskipti við starfsmenn í gegn um rafræna þjónustu. Allar umsóknir og erindi til sveitarfélagsins eru rafrænar.

7. Trúarbrögð, lífs-, stjórnámálaskoðanir og trúleysi

Óheimilt er að mismuna fólki vegna trúar-, lífs- og stjórnámálaskoðana eða trúleysis.

Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum án tillits til trúarbragða, lífs- og stjórnámálaskoðana eða trúleysis. Varast ber að líta svo á að allir sem aðhyllast tilgreind trúarbrögð, lífs- eða stjórnámálaskoðun eða eru trúlausir séu eins.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald.

Sveitarfélagið Hornafjörður sýnir öllu fólki virðingu óháð trú, trúleysi þess eða skoðunum. Allir eiga rétt á virkri þátttöku í sveitarfélaginu og sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð trú, trúleysi, stjórnámála- eða lífsskoðunum.

Gætt skal að því að hafa samráð við trúar- eða lífsskoðunarfélög í ákvarðanatökum sem varða þau.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Sveitarfélagið Hornafjörður gætir jafnræðis á milli allra starfsmanna sinna og kemur fram við þau af virðingu. Starfsfólk sveitarfélagsins fylgir mannréttindastefnu sveitarfélagsins og öðrum stefnum í sínum störfum og allir starfsmenn bera ábyrgð á því að skapa fordómalaust starfsumhverfi.

Sveitarfélagið Hornafjörður gerir ekki upp á milli starfsmanna vegna trúar- eða lífsskoðana, stjórnámálaskoðana, trúleysis eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum. Allir starfsmenn njóta sömu tækifæra til starfsþróunar og símenntunar, óháð trúar-, lífs- og stjórnámálaskoðunum.

Allir starfsmenn hafa rétt á því að tjá sig, eða tjá sig ekki, um trú sína eða trúleysi og lífs- og stjórnámálaskoðanir og öllum ber að virða þann rétt. Ástundun trúarbragða eða tjáning stjórnámálaskoðana má ekki trufla starfsemi á vinnustað.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem þjónustuveitandi

Öll skulu eiga jafnt aðgengi að þjónustu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, óháð trúleysi, stjórnámála- og lífs- og trúarskoðunum og slíkar skoðanir eiga ekki að hafa áhrif á hvernig komið er fram við þá sem nota þjónustu sveitarfélagsins. Öll þjónusta sveitarfélagsins einkennist af virðingu gagnvart fjölbreytileika samfélagsins og markvisst skal unnið að því að útrýma fordómum í garð trúarbragða, trúleysis og lífs- og stjórnámálaskoðana.

Í uppeldis-, fræðslu-, frístunda- og menningarstarfi á vegum sveitarfélagsins skal taka tillit til ólíkra siða og venja sem tengjast ólíkum trúarbrögðum og lífsskoðunum. Mikilvægt er að ekki sé gengið út frá því að allir aðhyllist sömu trú eða séu trúaðir þó að hefðbundnar trúarhátíðir lútersku kirkjunnar séu haldnar hátíðlegar skv. íslenskum landslögum. Trúarbrögð, trúleysi og lífsskoðanir eru kynntar í tengslum við nám nemenda og í því er fjölbreytileika mannlífsins lýst þar sem einni trú eða lífsskoðun er ekki hampað umfram aðra. Gæta skal hlutleysis í framsetningu námsefnis og í kennslu barna.

8. Uppruni og þjóðerni

Óheimilt er að mismuna íbúum sveitarfélagsins vegna uppruna þeirra, litarháttar, þjóðernis, menningarlegs bakgrunns eða vegna hvers kyns flokkunar sem byggð er á kynþáttahyggju. Varast skal að flokka öll sem falla undir þessar skilgreiningar í einn og sama hópinn. Framlag einstaklinga skal metið eftir verðleikum hvers og eins og eiga öll jafnan rétt á samskonar viðmóti og framkomu óháð uppruna og þjóðerni. Skal sveitarfélagið þá stefna að því markmiði að stuðla að þverþjóðlegu samfélagi þar sem ólíkir hópar eiga opin samskipti, upplifa menningu annarra hópa og hafa pláss til þess að rækta sína eigin. Þá þarf sérstaklega að huga að þeim einstaklingum sem upplifa skörun og tilheyra þannig fleiri jaðarhópum en einungis vegna erlends uppruna eða þjóðernis, til dæmis konum, hinsegin fólki og fötluðum.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Öll eiga rétt á virkri þátttöku í sveitarfélaginu Hornafirði og sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð uppruna og þjóðerni. Sveitarfélagið skal stuðla að aukinni þátttöku fólks af erlendum uppruna í lýðræðislegri þátttöku og því skal sérstaklega gætt að í kringum kosningar, bæði til alþingis og sveitarstjórnar. Sveitarfélagið á einnig að taka markvisst þátt í því að skipa einstaklinga af erlendum uppruna í hinar ýmsu nefndir, stjórnir og ráð og með því auka lýðræðislega þátttöku þeirra.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Til þess að geta flokkast sem þverþjóðlegt samfélag þarf sveitarfélagið Hornafjörður að hafa fólk af mismunandi uppruna í ólíkum störfum. Þekking og menntun fólks af erlendum uppruna skal þá alltaf vera metin að verðleikum og á sveitarfélagið að tileinka sér að fjölga starfsfólki sem koma úr hópi innflytjenda í störfum og áhrifastöðum í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið Hornafjörður skal þá vinna gegn mismunun á vinnumarkaði með því að ítreka stefnu sveitarfélagsins í auglýsingum sínum um jöfn tækifæri óháð uppruna og þjóðerni og hvetja þannig innflytjendur til þess að sækja um störf. Í ráðningarferli skal fólk af erlendum uppruna njóta jafnréttis í ráðningarferli og öllum þeim kjörum og réttindum sem starfinu fylgir. Sveitarfélagið á að vinna markvisst að því markmiði að innflytjendur hafa sömu tækifæri til símenntunar og starfsþróunar og þannig njóta hæfni sinnar og fá störf í samræmi við hana. Skal fólk af erlendum uppruna gefast kostur á að sitja námskeið í starfstengdu íslenskunámi og sömuleiðis fá fræðslu og starfsáætlun og þjónustumarkmið og ber sveitarfélagið ábyrgð á því að tryggja að starfsfólk viti af þessu. Á vinnustöðum sveitarfélagsins skal unnið gegn fordómum vegna uppruna, þjóðernis, litarháttar eða menningarlegs bakgrunns og boðið er upp á margbreytileikafræðslu þegar þess er þörf eða óskað eftir.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem miðstöð þjónustu

Allir íbúar sveitarfélagsins Hornafjarðar eiga rétt á sama aðgangi að þjónustu bæjarins og skal gæta aðgát að engum sé mismunað vegna uppruna eða þjóðernis. Sérstaklega skal hafa í huga vissa þjónustu sem innflytjendur þurfa að nýta sér, til dæmis túlkajónustu og aðra félagsþjónustu. Þá skal allt menningar-, tómstunda-, fræðslu- og uppeldisstarf taka sérstök mið af þörfum barna sem tala íslensku sem annað mál og gæta þess að þau fái sömu tækifæri og stuðning og önnur börn, til dæmis með því að kynna menningu sína og viðhalda móðurmáli sínu. Sveitarfélagið á einnig að stuðla að fræðslu um ólíkra menningarheima og þannig styðja við gagnkvæma aðlögun. Auglýsingar og annað upplýsingarefni sem sveitarfélagið gefur út skal birt á fleiri tungumálum en einungis íslensku til þess að koma til móts við þá aðila sem tala íslensku sem annað mál. Á vinnustöðum sveitarfélagsins á starfsfólk markvisst stuðla að vinnustaðamenningu sem laus er við fordóma gagnvart einstaklingum af erlendum uppruna og með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Skal starfsfólk þá einnig leggja sig fram við vingjarnleg samskipti þrátt fyrir ólíka tungumálabeckingu.

9. Umhverfi

Sveitarfélagið Hornafjörður viðurkennir rétt sérhverrar manneskju til að búa í heilnæmu umhverfi sem fólki og lífríki stendur ekki ógn af. Þessi réttur er samofinn rétti manna til lífs, frelsis og mannhelgi. Með heilnæmu umhverfi er átt við umhverfi sem er laust við mengað vatn, andrúmsloft eða jarðveg sem spillir heilsu fólks eða lífríki. Umhverfi tekur til umhverfis og náttúru innan sveitarfélagsins. Allir íbúar Sveitarfélagsins Hornafjarðar eiga að geta notið þeirra lífsgæða sem felast í heilnæmu og aðgengilegu umhverfi. Þeir eiga jafnframt að geta fengið upplýsingar um og komið að ákvörðunum sem varða umhverfi þeirra. Ávallt skal huga að ólíkri stöðu kynja og áhrifum margþættrar mismununar. Vegna kyns, uppruna, fötlunar, aldurs eða annarrar stöðu getur fólk haft ólíkar þarfir varðandi aðgengi að upplýsingum og þátttöku í ákvörðunum er varða umhverfi þeirra.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Sveitarfélagið Hornafjörður verndar rétt íbúa til heilnæmra lífsskilyrða. Umhverfis- og loftslagsstefna sveitarfélagsins miðar að því að tryggja lífsgæði íbúa og innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hjá sveitarfélaginu. Sveitarfélagið leitast við að vera leiðandi í umhverfis- og loftslagsmálum í sínum rekstri og hvetur íbúa til að huga að sínum áhrifum.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi

Sveitarfélagið Hornafjörður viðurkennir rétt starfsfólks til að búa við heilnæmt starfsumhverfi og heilsusamleg vinnuskilyrði. Ekki skal mismuna fólki á grundvelli umhverfislegra þátta. Sveitarfélagið Hornafjörður er vistvænn vinnustaður sem axlar samfélagslega ábyrgð og gerir kröfur til starfsfólks um að minnka vistspor sitt. Einnig hvetur Sveitarfélagið Hornafjörður atvinnurekendur í sveitarfélaginu til að huga að sínum áhrifum og leggja áherslu á sjálfbærni.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem miðstöð þjónustu

Sveitarfélagið Hornafjörður sér til þess að allir íbúar hafi aðgengi að fjölbreyttu umhverfi sveitarfélagsins, bæði manngerðu og náttúrulegu.

Sveitarfélagið Hornafjörður skuldbindur sig til að búa íbúum heilnæmt umhverfi sem ógnar ekki heilsu fólks. Í þessu felst skuldbinding um að umhverfisvernd og umhverfisgæði séu á háu stigi.

10. Öryggi

Sveitarfélagið Hornafjörður vill að allir íbúar og gestir búi við frið og öryggi, í friðsamlegu umhverfi býr fólk við öryggi en ekki frelsisskerðingu, stríð, ógn eða áreitni af neinu tagi.

Öll skulu geta ferðast um sveitarfélagið án þess að öryggi þeirra sé ógnað.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald

Sveitarfélagið Hornafjörður og starfsmenn þess munu leggja sig fram við að tryggja að umhverfi sveitarfélagsins sé sem öruggast, tryggja frið og skal hafa í huga hópa sem eru í meiri hættu en aðrir á að verða fyrir ofbeldi.

Standa skal vörð um frið og öryggi í samskiptum við önnur sveitarfélög og í samskiptum við önnur lönd.

Sveitarfélagið Hornafjörður atvinnurekandi

Sveitarfélagið Hornafjörður viðurkennir rétt starfsfólks til að starfa í öruggu vinnuumhverfi sem ógnar ekki heilsu þess. Stuðla skal að vellíðan og öryggi á vinnustað og vinna eftir stefnum sveitarfélagsins um jafnrétti einelti, áreitni, kynferðislegri áreitni eða öðru ofbeldi.

Sveitarfélagið líður ekki meiðandi eða ögrandi umræðu í vinnuumhverfi efni sem sýnir sem fordóma í garð einhvers hóps eða kynferðislega meiðandi efni.

Fræðsla um einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað skal eiga sér stað reglulega og það sama skal gilda um þá sem nota þjónustu sveitarfélagsins. Huga þarf sérstaklega að því að einelti getur komið fram á ólíkan hátt t.d. sem kynþáttahatur, sem fordómar gagnvart fötluðu fólki, aldursfordómar eða sem fordómar gegn hinsegin fólki.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem þjónustuaðili

Sveitarfélagið vill búa íbúum og gestum þess öruggt og friðsælt umhverfi sem felur í sér aðgerðir til að draga úr hættum í umhverfinu svo sem að gæta að öryggi mannvirkja og lýsingu. Huga þarf að fólk stendur frammi fyrir ólíkum vandamálum hvað varðar öryggi.

Sérstaklega þarf að huga að margþættri mismunum og þeim áhrifum sem hún getur haft á öryggi fólks.

11. Ábyrgð og verklag

Stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins bera ábyrgð á að tryggja mannréttindi og að þau séu virt þvert á stjórnkerfi sveitarfélagsins á öllum vinnustöðum og við þjónustu við almenna íbúa. Tryggja skal fjármagn og fræðslu til starfsmanna.

Stjórnendur bera ábyrgð á að kynna mannréttindastefnuna fyrir starfsfólki og að unnið sé samkvæmt stefnunni.

Stjórnendur skóla- og frístundastarfs bera ábyrgð á að:

Fræðsla og umfjöllun um jafnrétti sem hluti af skóla- og frístundastarfi samanber aðalnámskrá leik- og grunnskóla.

Náms- og viðfangsefni mismuni ekki, vinni gegn fordómum og staðalmyndum og hafi mannréttindi allra hópa að leiðarljósi.

Kennslu og starfshættir taki mið að því fjölbreytta þverþjóðlega samfélagi sem við búum í.

Kynna öllum nemendum störf sem eru þvert á allar staðalímyndir

Stjórnendur í íþróttá-, frístunda-, æskulýðs og menningarstarfi bera ábyrgð á að:

Skipuleggja félags-, menningar- og frístundastarf með jafnrétti að leiðarljósi

Stjórnendur þjónustustofnana bera ábyrgð á að:

Fyllsta jafnréttis sé gætt í þjónustu sveitarfélagsins og unnið sé markvisst gegn fordómum gagnvart þjónustuþegum.

Þau félög og fyrirtæki sem þiggja styrki af sveitarfélaginu skulu vinna markvisst að því að fylgja mannréttindastefnunni.

Velferðarnefnd ber að vinna að eftirfylgni og endurskoðunar mannréttindastefunnar.

12. Hugtakalisti

Fjölmening: Samfélög þar sem fólk með ólíka, menningu, þjóðerni, uppruna og trú býr á sama landsvæði en ólíkir hópar hafa lítil samskipti sín á milli.

Fötlan: Fötlan er samspil á milli líkamlegra og andlegra skerðinga annarsvegar og samfélagslegra og umhverfislegra hindrana hins vegar. Þetta samspil takmarkar og kemur í veg fyrir fulla og virka þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Mannréttindabarátta fatlaðs fólks hefur síðustu ár lagt aukna áherslu á að það eru félagslegir, efnahagslegir og menningarlegir þættir sem að takmarka þátttöku fólks í samfélaginu frekar heldur en líkamlegar og andlegar skerðingar.

Hinsegin: Regnhlífarhugtak sem nær yfir allt fólk sem er ekki gagnkynhneigt eða fellur að öðru leyti ekki inn í það sem telst hefðbundið kyn eða kynhlutverk.

Innflytjandi: Einstaklingur sem fæddur er erlendis og báðir foreldrar hafa erlendan bakgrunn. Íslenska er ekki fyrsta mál innflytjenda.

Intersex: Lýsir því fólki sem fæðast með kyneinkenni sem eru ekki skilgreind sem hefðbundin. Intersex einstaklingar fæðast með einkenni sem eru ekki algjörlega karl- eða kvenkyns; eru sambland af karl- og kvenkyns; eða eru hvorki karl- né kvenkyns. Sum þeirra koma snemma í ljós, önnur við kynþroska, tilraunir til barneigna eða fyrir tilviljun.

Kyneinkenni: Kyneinkenni eru líffræðileg sérkenni manneskju. Þar undir falla t.d. litningar, kynkirtlar, æxlunarfæri, kynfæri og hormónastarfsemi. Fólk sem er með ódæmigerð kyneinkenni er intersex.

Kynhneigð: Segir til um það hverju fólk getur orðið skotið í, ástfangið af og laðast að. Fólk getur laðast að einhverjum af öðru kyni, af sama kyni, af körlum og konum og sumt fólk verður laðast að fólki alveg óháð kyni. Eins eru til þau sem laðast ekki að neinum. Kynhneigð getur verið mjög fjölbreytt, tekur oft breytingum og er mismunandi á milli einstaklinga.

Kyntjáning: Það hvernig við tjáum okkar kyngervi með klæðaburði, hegðun og fleiri þáttum. Vanalega er þetta mælt á skalanum karlmennska og kvenleiki.

Kynvitund: Kynvitund segir til um það hvernig fólk vill lifa og vera í sínu kyni. Hún vísar ekki til kynfæra, líffræði, útlits eða kynhneigðar heldur upplifunar fólks af sínu eigin kyni. Allir upplifa sitt kyn á einhvern hátt og hafa því kynvitund. Hjá flestum samræmist hún því kyni sem fólk var úthlutað við fæðingu en hjá mörgum gerir hún það ekki. Kynvitund getur verið mjög fjölbreytt. Fólk getur upplifað sig sterkt í karlkyni, kvenkyni, sem blöndu af hvoru tveggja eða hvorugt. Þegar kynvitund fólks samræmist ekki líffræðilega úthlutuðu kyni er fólk trans.

Margbætt mismunun: Þegar mismunun á sér stað á grundvelli fleiri en eins þáttar t.d. á grundvelli fötlunar, stéttarstöðu, kyns og aldurs. Áhrifin af slíkri mismunun eru ekki einungis samanlögð áhrif þessara þátta, heldur margföld.

Þverþjóðlegt samfélag: Samfélög þar sem fólk með ólíka menningu, þjóðerni, uppruna og trú býr á sama landsvæði og hefur opin samskipti sín á milli og ber virðingu fyrir ólíkum lífsháttum.

Samþykkt í bæjarstjórn 8. maí 2024.

Sigurjón Andrússon bæjarstjóri